

Álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa

Hinn 29. apríl 2009 gaf kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa svohljóðandi álit í málinu nr. M-16/2009:

I

Álitaefni og kröfugerð

Hinn 10. mars sl. bað X, hér eftir einnig nefnd álitsbeiðandi f.h. sonar hennar, B, um álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa vegna sölulauna Y kr. 50.000, sem sonur hennar hafi greitt fyrir sölu á bifreið hans sem hann hafi rift. Krafa álitsbeiðanda er sú að Y endurgreiði sölulaunin.

II

Málsmeðferð kæruneftndarinnar

Með bréfi, dags. 12. mars sl., gaf kæruneftndin Y kost á andsvörum og bárust þau 28. s.m. Með bréfi kæruneftndarinnar, dags. 26. mars, var óskað eftir því að álitsbeiðandi hlutaðist til um að fá skriflegt umboð frá syni sínum til þess að annast beiðni um álit kæruneftndarinnar og barst það 6. apríl. Með bréfi, dags. 31. mars sl., var álitsbeiðanda gefinn kostur á því að gera athugasemdir við andsvör Y. og frestur til þess til 8. apríl. Með bréfi, dags. 14. apríl sl., var aðilum tilkynnt að málið hefði verið tekið til afgreiðslu nefndarinnar. Sama dag bárust kæruneftndinni athugasemdir frá álitsbeiðanda.

III

Málsatvik og rökstuðningur álitsbeiðanda

Álitsbeiðandi segir að sonur hennar, B, hafi í febrúar síðastliðnum beðið Y að selja fyrir sig bifreiðina A sem sé af gerðinni xxxx. Bílasalan hafi fundið annan bíl, R, af gerðinni xxxx ... til að taka upp í kaupverðið. Kaupverð bifreiðanna hafi átt að greiða með gagnkvæmri yfirtöku bílalána sem hvíldu á hvorri bifreiðinni um sig án nokkurrar milligreiðslu. B hafi verið sannfærður af Y að hann væri að gera mjög góð kaup og hann fenginn til að skrifa undir skiptin á bifreiðunum og greiða kr. 50.000 í sölulaun. Af kaupunum hafi samt ekki getað orðið fyrr en hún sjálf hefði skrifað undir bílalánið þar sem hún hafi átt að vera ábyrgðarmaður á því láni sem hvílt hafi á bifreiðinni R. B hafi fengið bakþanka, talið að kaupin sín hafi ekki verið góð og í raun hafi hann verið féflettur. Hann og beðið sig að skrifa ekki undir sjálfskuldarábyrgðina. Síðan hafi þau hringt í aðra bílasala og þeir talið að B hefði átt að fá minnst kr. 600.000 sem milligreiðslu í viðskiptunum. B hafi því hringt í Y. og sagt að ekki yrði af viðskiptunum og að hann vildi fá sölulaunin endurgreidd. Bílasalinn hafi sagt að hann væri í fullum rétti að halda sölulauninum þar sem öll pappírsvinna hafi verið unnin og einungis eftir að senda pappírana á réttan stað, en það væru þau sem riftu samningunum. Bílasalanum hafi verið boðið að halda eftir hluta af sölulauninum sem hann hafi ekki fallist á. Álitsbeiðandi segist telja þau mæðgin í fullum rétti að rifta kaupunum og að fá sölulaunin öll endurgreidd þar Y. hafi ekki gefið upp rétt verð á bílnum sem B hafi verið að selja. Álitsbeiðandi segir að þær bílasölur sem þau hafi haft samband við hafi verið O og P.

IV

Andsvör gagnaðila

Í upphafi andsvaranna segir að B hafi óskað eftir því að Y seldi fyrir sig bifreiðina T sem hafi verið stórtjónuð. Hann hafi viljað kaupa ódýrari bifreið. Segir síðan í andsvörunum:

„... við eyðum töluverðum tíma í að kanna allskonar viðskipti fyrir hann en væntanlegir kaupendur hræddust það að bíllinn er skráð tjonabifreið og samkv. slysaskrá valt hann á um 160 km hraða og altjónaðist samkv. eftirfarandi: Ekið í suðurátt á Hafnarfjarðarvegi á 150-160 km hraða, ákoma: Undirvagn, beint framan á ökutæki, vinstri miðja, hægri miðja, þak, hægra framhorn, vinstra afturhorn, aftan á ökutæki, hægra afturhorn og vinstra afturhorn. Meðfylgjandi gögn fylgja.

Ljóst var frá upphafi að mjög erfitt yrði að selja bifreiðina með slíkan feril og erfitt að verðmeta hversu mikið fólk er til í að greiða fyrir bíl með þennan feril. Eftir mikla vinnu og nokkrar sýningar endum við á að finna finan (ótjónaðan) og náum við viðkomandi í ca 1.200.000 kr. milligreiðslu.

Arnar samþykkir það tilboð og þegar hann hefur kynnt sér ástand bifreiðarinnar sem hann var að taka upp í sem og hringja í P [...] og aðra óháða aðila og kannað með verð ákveður hann að samþykkja tilboðið án nokkurra fyrirvara.

Við tökum að okkur að gera samning milli kaupanda og seljanda sem er okkar vinna, rukkum inn fyrir hana og þá er það á ábyrgð kaupanda og seljanda að standa við gerðan samning.

Það fóru margar klukkustundir í þessi viðskipti að ósk kaupanda og seljanda og af okkar hálfu er ekkert sem við hefðum getað gert betur við gerð samnings eða upplýsingar eða annað.

[...]

Að lokum viljum við benda á að kaupandi á T var kunnugt um að bifreiðin var stórtjónuð og hafði hann ritað undir slysaskrá sem og ferilskrá og var það að ósk B að láta viðskiptin ganga til baka með tilheyrandi óinnheimtri tímaeyðslu.“

V

Úr gögnum málsins

Álitsbeiðninni fylgdi afrit af undirrituðu afsali og kaupsamningi um bifreiðina T þar sem kaupverð hennar er sagt vera kr. 2.300.000 og sem greiðist að fullu með eignarhlut í bifreiðinni R og yfirtöku bílasamnings SP fjármögnunar kr. 1.979.777.

Þá fylgdi og afrit af undirrituðu afsali og kaupsamningi um bifreiðina R þar sem kaupverð hennar er sagt vera 1.100.000 og jafnframt að bifreiðin notist sem greiðsla upp í bifreiðina T og sé kaupverðið að fullu greitt. Þá segir í samningnum að kaupandi yfirtaki áhvílandi lán kr. 810.739. Seljandi var Z.

Þá fylgdu álitsbeiðninni skjöl, annað sem ber yfirskriftina „Yfirlýsingu um yfirtöku bílasamnings en hitt „Greiðsluyfirlit-yfirtaka bílasamnings, dags. 5. febrúar 2009. Yfirlýsingin er undirrituð af Z en ekki öðrum.

Þá sendi álitsbeiðandi frekari gögn eftir að málið hafði verið tekið til afgreiðslu sem kærunefndinni þykir ekki ástæða til að gera sérstaka grein fyrir.

VI

Athugasemdir álitsbeiðanda

Álitsbeiðandi segir það ekki rétt að hann hafi óskað eftir því við Y. að komast á ódýrari bifreið. Hann hafi sjálfur skráð bifreiðina til sölu hjá Y á heimasíðu fyrirtækisins. Nokkru síðar hafi E hjá Y haft samband við sig og kynnt fyrir sér tilboð og hafi honum tekist að sannfæra sig um ágæti þess. Álitsbeiðandi segir að áhvílandi lán á bifreiðinni R sé hærra en raunvirði bílsins en um það hafi hann spurt ítrekað og fengið þau svör að svo væri ekki. Álitsbeiðandi telur verð bifreiðarinnar R hafi átt að miðast við kr. 569.000 en yfirtekin lán hafi verið kr. 810.739 og sé munurinn því kr. 241.739. Með samþykkt kaupanna hafi hann misst eignarhlut sinn í eigin bíl kr. 310.000 en samkvæmt listaverði P hafi verð á bifreiðinni verið kr. 2.225.000, en áhvílandi lán kr. 1.915.000. Eins og rakið er í kafla V kemur fram í kaupsamningi og afsali fyrir T var yfirtekið lán kr. 1.979.777 en ekki kr. 1.915.000. Með þessum útreikningum telur álitsbeiðandi að hann hefði tapað kr. 551.739 og miðar þá eins og framan segir við listaverð P á báðum bifreiðunum. Álitsbeiðandi segir rétt að bifreiðin T hafi orðið fyrir tjóni en hann hafi keypt hana á sínum tíma hjá Y samkvæmt listaverði P og hafi bílasalan þá engar athugasemdir gert. Bifreiðin líti nú út eins og ný. Þá dregur álitsbeiðandi í efa að eins mikil vinna hafi verið fyrir Y að finna kaupanda að bifreiðinni eins og komi fram í andsvörum fyrirtækisins og telur það ekki hafa unnið fyrir því kaupum sem hann hafi greitt fyrirtækinu. Þá getur álitsbeiðandi þess að eigandi R hafi haft samband við sig og spurt að því hve mikið hann vildi fá sem milligreiðslu fyrir T.

VII

Niðurstaða kærunefndarinnar

Kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa telur að ágreiningur álitsbeiðanda og Y. falli undir valdsvið nefndarinnar, sbr. III. kafla laga nr. 87/2006 um breytingu á lögum um lausafjárkaup, lögum um þjónustukaup og lögum um neytendakaup og 1. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 766/2006 um kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa. Kærunefndin álítur að gildissvið 1. gr. laga nr. 42/2000 um þjónustukaup verði að skýra með þeim hætti að það nái til viðskipta aðila.

Í álitsbeiðni kemur fram að Y höfðu milligöngu um bílasölu fyrir B að hans beiðni. Ekki liggur fyrir hvort aðilar sömdu sérstaklega um greiðslu til Y en þar sem B hafði óskað eftir því að bílasalan tæki að sér að selja bílinn mátti hann samkvæmt almennum reglum um greiðslu verklauna búast við að fyrir vinnu og kostnað bílasöluinnar þyrfti að greiða hvort sem af sölu yrði eða ekki. Y komu á kaupsamningi á milli B og Z um skipti á bifreiðum og gagnkvæma yfirtöku á þeim lánnum sem á bifreiðunum hvíldu. B rifti hins vegar kaupunum áður en móðir hans hafði undirritað skjal um yfirtöku bílaláns sem sjálfskuldarábyrgðarmaður á láninu.

Því er haldið fram af álitsbeiðanda að tveir aðrir bílasalar hafi metið bifreið B verðmeiri en Y hafi talið hana vera og samningur hafði náðst um. Reyndar kemur fram í andsvörum Y að B hafi haft samband við annan þeirra, P, áður en hann samþykkti kaupin þótt ekki liggi það alveg ljóst fyrir hvort um sömu bílasölu sé að ræða. Hefðu kaupin við Z náð fram að ganga hefði það að mati álitsbeiðanda valdið B tjóni sem hann sjálfur reiknar vera kr. 551.739 og sýnist þá miða við að báðar bifreiðarnar hefðu selst á listaverði P. Er þannig grundvöllur endurgreiðslukröfu álitsbeiðanda í raun sá að Y hefðu valdið B tjóni ef af kaupunum hefði orðið en ekki sú að starfsmenn fyrirtækisins hafi ekki unnið þá vinnu sem þeir voru beðnir um að vinna og fengið greitt fyrir enda þótt B dragi í

efa að sú vinna hafi verið jafn mikil og fram komi í andsvörum Y. Af þeim sökum eigi fyrirtækið að endurgreiða sölulaunin.

Ekki kemur fram að starfsmenn þessara tveggja bílasala sem álitshafið nefnir hafi skoðað bifreið B áður en þeir gáfu álit sitt eða haft kaupanda að henni á sínum vegum. Ekki er svo að sjá af athugasemdum álitshafanda að í raun hafi á það reynt hvaða verð hann getur fengið fyrir bifreið sína. Hafa verður í huga að mat á verðmæti svokallaðra tjónabifreiða getur verið einstaklingsbundið, þ.e. menn líti mismunandi augum þá verðryrnun sem hlýtur að verða vegna tjónsins miðað við það að bifreiðin hefði ekki orðið fyrir tjóni. Kærunefndin telur og ljóst að álit bílasala á verðmæti bíla geti verið mismunandi og raunveruleikinn annar þegar að því kemur að fá tilvonandi kaupanda til að greiða það kaupverð sem bílasalanum kann að þykja eðlilegt. Kærunefndinni þykir þegar framangreint er haft í huga að ekki liggi sannanir fyrir því að Y hafi stuðlað að framangreindum kaupum gegn betri vitund um að hærra verð mætti fá fyrir bifreið B. Hér verður einnig hafa í huga, eins og fyrr var nefnt, að Y hefði borið greiðsla fyrir vinnu sína enda þótt B hefði hætt við viðskiptin af einhverri annarri ástæðu en hann tilgreinir.

Í 14.-16. gr. laga nr. 28/1998 um verslunaratvinnu er kveðið á um skyldur bifreiðasala. Í 16. gr. laganna segir eftirfarandi:

„Bifreiðasali skal annast um að endanlega sé gengið frá kaupsamningi, afsali og öðrum skjölum vegna viðskipta á hans vegum og skal geta þess í skjölunum, þar á meðal í kautilboðum, kaupsamningum, afsölum og skuldabréfum, hver samið hafi og greina nafn hans svo að eigi verði um villst.

Bifreiðasali skal ábyrgjast að tilkynning um eigendaskipti sé send ökutækjaskrá án tafar.“

Af gögnum málsins verður ekki annað ráðið en Y hafi unnið þá vinnu sem fyrirtækinu bar að gera samkvæmt framangreindu lagaákvæði að því undanskildu að ekki var gengið frá kaupnum að fullu þar sem yfirlýsing um yfirtöku lánsamnings var ekki undirrituð, sem bílasölunni bar að sjá um að væri gert, sbr. það sem segir í framannefndri lagagrein, og tilkynning um eigendaskipti hefur ekki verið send, eða a.m.k. á ekki að hafa verið send, þar sem kaupin fóru ekki fram. Hins vegar kemur ekki annað fram en Y hafi fengið greidda þóknun miðaða við að kaupin hefðu gengið í gegn að fullu sem ekki varð. Af þessum sökum þykir kærunefndinni álitshafið eiga rétt á afslætti af sölubókuninni sem hún metur hæfilegan kr. 5.000.

VIII

Álitshafið

Y greiði álitshafanda, B, kr. 5.000.

Friðgeir Björnsson
formaður

Guðrún Björk Bjarnadóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir